

Minnisblað

Viðtakandi: Bæjarráð
Efni: Rekstur deilda janúar til júní 2023
Dags: 28. ágúst 2023
Málsnúmer: 202308684/2.21
Sendandi: Pétur Jens Lockton, fjármálastjóri

Inngangur:

Fjármáladeild tekur ársfjórðungslega saman rekstraryfirlit málaflokka og deilda, rekstrarreikning og yfirlit yfir stöðu fjárfestinga. Rekstraryfirlit málaflokka og deilda sýnir þróun tekna, launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar samanborið við fjárhagsáætlun tímabilsins.

Rekstrarreikningur sýnir rekstur samstæðu A- og B hluta samanborið við fjárhagsáætlun tímabilsins. Fjárfestingayfirlit sýnir fjárhæð fjárfestinga tímabilsins og tekjur af gatnagerðargjöldum samanborið við fjárfestingaáætlun ársins.

Ársfjórðungsyfirlitið er án samrekinna byggðasamlaga. Að lokinni umfjöllun í bæjarráði eru yfirlitin gerð aðgengileg á vefsíðu bæjarins auk þess sem fjárhagsupplýsingar annars ársfjórðungs ársins 2023 eru gerðar aðgengilegar á síðum fyrir opið bókhald.

Greinargerð:

Hér verður gerð grein fyrir rekstrarreikningi samstæðu A og B hluta fyrri helming ársins 2023.

Rekstrartekjur tímabilsins voru 10.484 m.kr. sem er í samræmi við fjárhagsáætlun. Tekjur af útsvari, fasteignaskatti, framlög frá Jöfnunarsjóði og aðrar tekjur eru að mestu í samræmi við fjárhagsáætlun tímabilsins.

Launakostnaður var 4.153 m.kr. og er lítillega lægri en fjárhagsáætlun. Annar rekstrarkostnaður var 5.741 m.kr. sem er lítillega hærra en áætlað. Afskriftir voru 267 m.kr. sem er lítillega lægra en áætlað.

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði er jákvæð um 324 m.kr. sem 19 m.kr. lakari niðurstaða en áætlað.

Fjármagnskostnaður er 1.019 m.kr. sem eru 362 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Frávikin skýrast af herra vaxtastigi og meiri verðbólgu en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun.

Rekstrarniðurstaða tímabilsins er því neikvæð um 714 m.kr. sem er 380 m.kr. lakari niðurstaða en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun tímabilsins.

Nánari upplýsingar um rekstur málaflokka og deilda verða veittar á fundi bæjarráðs.

*Virðingarfyllt,
Pétur Jens Lockton*

Fylgiskjal:

Yfirlit yfir rekstur málaflokka og deilda með samanburði við fjárhagsáætlun.